

67. kirkjuþing 2025 - 2026

Fyrirspurnir frá kirkjuþingsfulltrúum

birtar í þeirri röð sem þær berast

Fyrirspurnatími er á dagskrá mánudaginn 27. október. Þurfa að hafa borist sólarhring áður.

I. Fyrirspurnir frá Elínborgu Sturludóttur móttæknar 24.10.2025.

Tvær fyrirspurnir til Biskups Íslands sr. Guðrúnar Karls Helgudóttur.

1. Vegna auglýsinga um laus störf hjá Þjóðkirkjunni.

Hver er ástæða þess að laus störf hjá Þjóðkirkjunni eru ekki lengur auglýst á forsíðu á heimasíðu Þjóðkirkjunnar, heldur einungis undir flípanum „laus störf“?

2. Vegna auglýsingu um starf söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar.

a. Hverjar eru faglegar og fjárhagslegar ástæður þess að starf söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar er ekki auglýst sem fullt starf?

b. Var faglegt álit fyrir hendi sem mælti með því að starfið væri ekki lengur fullt starf?

c. Er það fullnægjandi framtíðarsýn fyrir Þjóðkirkjuna að eina starfið í stjórnsýslu hennar sem er í þágu tónlistar helgihaldsins sé aðeins 60% starf?

II. Fyrirspurnir frá Stefáni Má Gunnlaugssyni móttæknar 26.10.2025.

Söngmálastjóri

Nýlega var auglýst eftir nýjum söngmálastjóra sem tekur við frá og með 1. janúar nk. Þegar auglýsingar fyrir starf söngmálastjóra eru bornar saman núna og þegar síðast var auglýst árið 2023 virðist lítill munur á ábyrgð og helstu verkefnum söngmálastjóra enda hefur starfsreglum nr. 1074/2017 um söngmálastjóra ekki verið breytt. Einnig er stutt síðan embætti söngmálastjóra og tónskóla Þjóðkirkjunnar voru sameinuð í eitt að beiðni kirkjutónlistarráðs sem er fagrað og stjórn Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

Því er spurt:

a. Hver er ástæðan fyrir því að starfshlutfall söngmálastjóra var lækkað úr 100% niður í 60%. Er það gert í ljósi reynslunnar af viðkomandi embættisstörfum síðustu árin?

- b. Var haft samráð við hlutaðeigandi hagaðila um þessa breytingu, þ.e. kirkjutónlistarráð, félag organista og prestafélag Íslands?
- c. Hvernig verður áfram tryggt í svo lágu starfshlutfalli að fylgt sé eftir stefnu í kirkjutónlist, veita Tónskólanum forstöðu og veita söfnuðum ráðgjöf, fræðslu, aðstoð og stuðning?
- d. Hvaða áhrif mun þessi niðurskurður á starfi söngmálastjóra hafa á þjónustu við landsbyggðina þar sem kórar og annað tónlistarstarf á víða undir högg að sækja.
- e. Hvernig verður staðið að vali á nýjum söngmálastjóra og við hverja verður haft samráð um ráðninguna?

Auglýsingar og kynningarmál

Samkvæmt skýrslu biskups hefur verið gert átak kynningarmálum á vegum þjóðkirkjunnar, m.a. verið ráðinn samskiptastjóri, endurskoðun heimasíðu og aukinn sýnileiki á samfélagsmiðlum.

- a. Hver er áætlaður heildarkostnaður vegna endurskoðunar heimasíðunnar að meðtaldri aðkeyptri þjónustu, vinnu starfsfólks þjóðkirkjunnar og annars kostnaðar?
- b. Hver er kostnaður vegna kynningar-, samskipta- og samfélagsmiðlamála á síðastliðnu ári, þ.e. frá september til september.
- c. Hvernig er gert ráð fyrir að þetta verkefni þróist áfram og kostnaður vegna þessa?
- d. Starf og þjónusta þjóðkirkjunnar fer m.a. fram í söfnuðum hennar. Er gert ráð fyrir að styrkja söfnuðu í samskipta- og kynningarstarfi þeirra og þá með hvaða hætti?

Átak í fræðslu

Á 66. kirkjuþingi 2024-2025 var samþykkt þingsályktun að fela biskupi Íslands efla fræðslu um kristinn kærleika og samkennd með ungmennum og gerð fræðsluefnis fyrir efstu bekkni grunnskóla sem og ungt fólk á framhaldsskólaaldri.

- a. Hver er staða verkefnisins, hvað hefur unnist og hvenær er áætlað að það komi til framkvæmda?

Æskulýðsmál

Á undanförunum misserum hafa verið ráðnir svæðisstjórar æskulýðsmála á vegum þjóðkirkjunnar sem er samkvæmt nýrri skipan æskulýðsmála sem var samþykkt á kirkjuþingi 2021-2022.

- a. Hafa verið ráðnir svæðisstjórar í öllum þeim umdæmum sem átti að ráða svæðisstjóra? Ef svo er ekki hvenær er gert ráð fyrir að ráðningum ljúki?
- b. Hver hafa verið helstu hlutverk og verkefni nýrra svæðisstjóra?
- c. Hver er staða svæðisstjóra gagnvart æskulýðssambandi þjóðkirkjunnar og öðrum æskulýðssamböndum?
- d. Samkvæmt fundargerð aðalfundar æskulýðssambands þjóðkirkjunnar fyrir starfsárið 2024 kemur fram að framkvæmdastjóra félagsins hafi verið sagt upp vegna óvissu um fjárhagsstöðu félagsins og stöðu sambandsins. Hver er staða sambandsins og er ætlað að veita styrki til sambandsins sem stendur fyrir fjölmörgum mikilvægum viðburðum einkum fyrir unglingastarf?

Aðgengismál

Á 66. kirkjuþingi 2024-2025 var samþykkt þingsályktunartillaga að unnin verði áætlun um að kirkjur og annað húsnæði þar sem starf þjóðkirkjunnar, stofnana hennar og einstakra safnaða fer fram hafi aðgengi fyrir alla. Áætlunin liggi fyrir vorið 2025 og hún komi til framkvæmda 2025-2028.

- a. Hver er staða við gerð áætlunarinnar og er hún komin til framkvæmda?
- b. Ef svo er ekki hvenær er áætlað að hún liggi fyrir og komi til framkvæmda?

Kirkjudagar

Kirkjudagar þjóðkirkjunnar hafa verið haldnir þrisvar sinnum 2001, 2005 og nú síðast árið 2024. Reynslan hefur sýnt að hér er gott tækifæri fyrir kirkjuna að sækja fram í kynningarmálum og birta starf kirkjunnar á einum stað. Einnig fyrir þátttakendur, sjálfboðaliða og starfsfólk að fræðast og eflast í störfum sínum á vettvangi kirkjunnar. Það er ekki gott að hafa Kirkjudaga með svo löngu millibili og þar með byrja upp á nýtt að kynna viðburðinn inn á við og út á við. Við lok síðustu Kirkjudaga var unnin skýrsla um hvernig til tókst og hvað hefði mátt gera betur.

- a. Er gert ráð fyrir að Kirkjudagar verði haldnir aftur á næstunni og hefur verið gerð áætlun þar um?